



Hafnarfjörður, 2. október 2014

Berist til: Magnúsar Baldurssonar, Fræðsluráði

Fimleikadeild Fimleikafélagsins Björk hefur undanfarin fjögur ár haldið uppi mjög metnaðarfullu og árangursríku afreksstarfi fyrir keppinsfólk í áhaldafimleikum innan deildarinnar.

Iðkendur í keppnishópum hafa á þessu tímabili verið á bilinu 40-50 talsins. Til að byrja með voru 10% iðkenda í þessum hópi 12 ára og eldri, en í dag er hann um 40% þennig að meðalaldur fer hækkandi.

Starfið hefur svo sannarlega skilað góðum árangri. Keppendur frá Björk hafa hlutfallslega verið með langhæsta vinningshlutfall á mótum á vegum Fimleikasambands Íslands síðastliðin þrjú ár og þá, eins og gefur að skilja í keppni í yngri flokkum. Meðal annars eignuðumst við 5 Íslandsmeistaratitla af 12 sem í boði voru á Íslandsmóti árið 2012 og ári síðar eignuðumst við m.a. Íslandsmeistara unglunga í frjálsum æfingum. Auk þessa erum við með langflesta einstaklinga í úrvalshópum unglungalandsliða í áhaldafimleikum, ásamt því að eiga tvo fulltrúa í aðallandsliði Íslands. Væntingar okkar um að endurvekja hið mikla stórveldi sem Bjarkirnar voru á árunum 1990 til 2000, þegar félagið hafði mikla yfirburði í keppni stúlkna í áhaldafimleikum í fullorðinsflokki, eru því mjög miklar hjá okkur.

Nú er það þannig að eftir því sem keppendur verða eldri fylgir því meiri kostnaður og satt best að segja á félagið í mjög miklum erfiðleikum í dag með að fylgja eftir þessu frábæra afreksstarfi sem verið hefur undanfarin ár.

Við óskum því eftir viðræðum við Fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar um að styrkja Fimleikafélagið Björk fjárhagslega við að viðhalda og bæta enn frekar það afreksstarf sem fram fer hjá okkur.

Afreksstarf okkar m.a. falist í:

- Höfum verið með í starfi hjá okkur 4-5 háskólamenntaða fimleikaþjálfara í fullu starfi við þjálfun keppnishópa í áhaldafimleikum.
- Höfum fengið til okkar sérfræðinga til að halda fyrirlestra og vera með stutt námskeið fyrir iðkendur í keppnisfimleikum, m.a. í íþróttasálfræðinga, næringaráðgjafa, félagsfræðinga, hlaupaþjálfun, sjúkraþjálfara, dansara, og fleira.
- Höfum boðið iðkendum í keppnishópum aukalega að æfa á morgnanna á virkum dögum.
- Á hverju ári hafa iðkendur í keppnishópum farið í æfingabúðir út á land eða erlendis.
- Höfum stutt fjárhagslega við ferðir keppanda okkar sem eru komir í landslið á mót erlendis.

Undirritaður er tilbúinn að hitta á fulltrúa Fræðsluráðs við fyrsta tækifæri til útskýra betur afreksstarf okkar.

Með von um jákvæð viðbrögð sendi mér mínar bestu kveðjur,

Guðjón Guðmundsson

Framkvæmdarstjóri